



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2020

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningum og hlutafélagaskrá). Mál nr. 82.**

Neytendasamtökin vísa til umsagnarbeiðni nr. 11067, þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur ársreikningum og hlutafélagaskrá, mál nr. 82).

Málið varðar breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um hlutafélög nr. 2/1995 sem miða að því að auka aðgang að ársreikningskrá og hlutafélagsskrá með því að engin gjaldtaka verði fyrir uppflettingu í viðkomandi skrá og að allar upplýsingar skulu birtast í rafrænni uppflettingu.

Neytendasamtökin fagna því að auka eigi aðgang að ársreikninga- og hlutafélagaskrá með með fyrrgreindum hætti. Samtökin gæta hagsmuna neytenda í þjóðfélaginu og stuðla fyrirhugaðar lagabreytingar af því að samtökin geti rækt hlutverk sitt með enn skilvirkari hætti. Að mati samtakanna munu fyrirhugaðar breytingar fela í sér skref í átt að því gagnsæi er samtökin telja að eiga að ríkja í viðskiptum. Telja samtökin einnig að með því að gera upplýsingar úr ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá gjaldlaus sé baráttunni gegn ólögumætri smálánastarfsemi hér á landi veittur styrkur. Auðvelda þessar breytingar upplýsingaöflun er varðar endanlega eigendur fyrirtækja og rekjanleika sem og upplýsingar um tengsl kröfuhafa og innheimtuaðila.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi sínum við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

f.h. Neytendasamtakanna

Breki Karlsson, formaður